

**Samráðsgátt stjórnvalda,  
Innviðaráðuneyti**

Mál nr. 201/2023

Reykjavík, 27. október 2023

**Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna brunavarna í húsnæði þar sem fólk hefur búsetu**

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til frumvarps um breytingar á ýmsum lögum vegna brunavarna í húsnæði þar sem fólk hefur búsetu sem birtist í samráðsgátt þann 20. október síðastliðinn. Um leið og SFF fagna áformunum vilja samtökin koma eftirfarandi á framfæri.

Lög um brunatryggingar er löggjöf frá árinu 1994 sem hefur lítið sem ekkert verið endurskoðuð síðan. Hún er afar rýr og inniheldur verklag um váttryggingaskyldu og ákvæði um brunabótamat sem fer fram hjá Þjóðskrá Íslands. Að mati SFF er þörf á endurskoðun þessarar löggjafar samhliða annarri löggjöf þegar breytingarnar snúast um að auka brunavarnir. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun gaf árið 2021 út skýrslu með úrbótatillögum á löggjöf eftir brunann á Bræðraborgarstíg í Reykjavík sem laut fyrst og fremst að brunavörnum í íbúðum. **SFF fengu að koma að þeirri skýrslugerð og lögðu fram tillögu um endurskoðun á lögum um brunatryggingar. Skýrslan inniheldur margar góðar úrbótatillögur sem snúa að „kerfinu“ utan um mannvirki sem búið er í hér á landi og þá sérstaklega brunavörnum.**<sup>1</sup> Tillaga SFF er svohljóðandi:

13.	<b>Hvatar til brunavarna í gegnum brunatryggingar</b>	FJR	FJR
	Lagt er til að lög um brunatryggingar verði tekin til heildstæðrar endurskoðunar. Endurskoða þarf forsendur brunabótamats og lög um brunatryggingar með það í huga að tengja þær við brunavarnir, veita váttryggingafélögum sem bestar upplýsingar um notkun húsnæðis og brunavarnir allan líftíma þess og auka heimildir váttryggingafélaga til að skerða bætur ef brunavörnum er ekki sinnt.		

Af framangreindu sést að SFF hafa ekki athugasemdir við drögin að frumvarpinu en vona að góðar og þarfar breytingar komi í kjölfarið á hinni ýmsu löggjöf sem snýr að húsnæði m.a. lögum um brunatryggingar.

Virðingarfyllst, F.h. Samtaka fjármálafyrirtækja,

Margrét A. Jónsdóttir, lögfræðingur

<sup>1</sup> <https://sff.is/skyrsla-um-urbaetur-a-brunavornum-i-husnaedi-thar-sem-folk-hefur-busetu/>